

Föstudaginn 8. október 1993.

Nr. 405/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Karim Bahi.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála kært til Hæstaréttar ákvörðun, sem tekin var í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. október sl., svohljóðandi:

„Dómari tilkynnir Karim Bahi, að honum sé samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991 óheimil för úr landi. Bann þetta skal þó eigi standa lengur en til mánudagsins 11. október nk. kl. 16.00.“

Ákvörðunina tók Greta Baldursdóttir, fulltrúi dómstjóra. Varnaraðili kærði ákvörðunina 4. október.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að tími sá, sem hún tekur til, verði stytur.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að hin kærða ákvörðun verði staðfest, þó þannig, að kærða verði gert að sæta farbanni til kl. 16.00 hinn 29. október nk.

Varnaraðili er hollenskur ríkisborgari, búsettur þar í landi. Hann hefur lýst því yfir, að hann þurfi af atvinnuástæðum að hraða för sinni frá Íslandi. Hann er grunaður um nauðgun. Var honum gert að sæta gæsluvarðhaldi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 24. september sl., en með dómi Hæstaréttar 1. október var úrskurðurinn felldur úr gildi. Rannsókn málsins mun vera lokið, en rannsóknargögn hafa ekki verið send ríkissaksóknara. Varnaraðili og nafngreind 16 ára stúlka eru sammála um, að þau hafi haft samfarir í Reykjavík á tilteknum degi á þessu hausti. Stúlkan segir, að sér hafi verið nauðgað, en varnaraðili segir samfarirnar hafa verið með samþykki hennar.

Eins og á stendur, er rétt að nota heimild í 110. gr. laga nr. 19/1991 og leggja fyrir varnaraðila að halda sig á Íslandi. Farbannið skal gilda allt til kl. 16.00 hinn 29. október 1993, enda má telja

1720

næsta vísst, að meðferð málsins fyrir dómi, ef til kemur, verði eigi lokið á þeim fresti, sem greindur er í hinni kærðu ákvörðun.

Kærumálskostnaðar er eigi krafist.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Karim Bahi, skal halda sig á Íslandi allt til kl. 16.00 hinn 29. október 1993.
